



Texti: Margrét Rún

■ „Komiði, nú skulum við sitja fyrir á einni fjölskyldumynd,“ sagði Karla og hló. Frá vinstri: Karla Kristjánsdóttir deildarstjóri Listasafnsins, Bera Nordal listfræðingur, John Franklin Koenig, hinn bandaríski, Selma Jónsdóttir forstöðumaður safnsins og doktor í listasögu, Jóhannes Jóhannesson og Guðmundur Benediktsson en þeir eru báðir listamenn og hjálpa til við að setja upp sýningar.

NT-mynd Sverrir

Listasafn Íslands:

19 konur og 1 karl

– kraftaverkafólk á kjarnorkuöld



■ Bandaríski listamaðurinn John Franklin Koenig ásamt nokkrum verka sinna.

NT-mynd: Sverrir

■ Listasafn Íslands. Mér fannst að það hlyti að vera virðulegasta stofnun í heimi þegar ég var lítil stelpa. Og ég man hvað ég var hissa þegar ég frétti að Listasafnið væri ekki einu sinni í sjálfstæðri byggingu heldur á einni hæðinni í Þjóðminjasafninu en þangað þorði ég varla að fara því ég var svo ægilega hrædd við ljóta trékallinn með sjövettlingana í kjallaranum, alla gömlu hlutina og hauskúpuna með gulu tennurnar og bara allt.

En hvað er ég að rifja þetta upp? Jú, við Sverrir ljósmyndari brugðum okkur í Listasafnið í gær á blaðamannafund í tilefni þess að í dag hefja tvær sýningar göngu sína: Sýning á verkum 19 íslenskra listakvenna sem fæddar eru á tímabilinu 1888-1930 og sýning á verkum bandaríska listamannsins John Franklin Koenig.

„Mikið er gaman að sjá ykkur,“ sagði Selma Jónsdóttir forstöðumaður Listasafns Íslands, brosandí, „fáið ykkur endilega súkkulagði, ég veit að ykkur finnst örugglega gott að stinga nokkrum molum upp í ykkur.“

Sýningarnar standa í 2 vikur, frá 7.-22. september. Sýningin á verkum kvennanna er framlag Listasafnsins til Listahátíðar kvenna sem hefst formlega innan nokkurra vikna. Og þarna má sjá verk eftir Kristínu Jónsdóttur, Júlíönu

Sveinsdóttur, Gunnfríði Jónsdóttur, Nínu Sæmundsen, Karen Agnete Þórarinnsson, Vigdís Kristjánsdóttir, Grétu Björnsdóttur, Tove Ólafsson, Nínu Tryggvadóttur, Barböru Arnason, Louise Matthíasdóttur, Ragnheiði Jónsdóttur, Ream, Ásgerði Búadóttur, Ólöfu Pálsdóttur, Maríu H. Ólafsdóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Eyborgu Guðmundsdóttur, Gerði Helgadóttur og Valgerði Árnadóttur Hafstað. Höggmyndir, olíumálverk, collage-myndir, vefnað, bæði myndvefnað og röggvarvefnað, vatnslitamyndir, túskeyndir og fleira, alls 80 verk. Einstakt tækifæri fyrir listunndur.


Sýning Johns Franklin Koenig er hins vegar í fremri salnum og hann sýnir 33 myndir, bæði steinprent, múnótýpur og múnótýpur og klipp.

John Franklin var staddur í safninu og Bera Nordal listfræðingur og starfsmaður í safninu hafði sagt mér að það væri óskaplega gaman að tala við hann. Og það voru orð að sönnu. „Ég get sagt þér svo ótalmargt,“ sagði hann og svo sagði hann mér frá því að hann byggi nú í Seattle í Bandaríkjunum en hefði búið í Evrópu þegar síðari heimsstyrjöldin var í algleymingi en snúið síðan aftur við til Bandaríkjanna og sest á skólabekk í listaskóla. Síðan hefði hann snúið aftur til Evrópu og sest að í París og hefði hjálpað þar

til við að stofna listatímarit og Gallerí fyrir unga listmálara og þar hefðu Gerður Helgadóttir og Nína Tryggvadóttir meðal annars sýnt. Og svo hefði hann orðið frægur og sýnt verk sín um víða veröld.

Þegar ég spurði hann hvort hann gæti giskað á hversu mörg listaverk hann hefði búið til um dagana sagði hann: „Púff, bíddu nú við, ég hef málað um 600-1000 olíumálverk, 500 myndir unnar á pappír og síðan tekið fjölda ljósmynda, ofið myndir og fleira.“ Síðan benti hann mér á sýningar skrána og sagði mér að nöfn mynda sinna væru eiginlega bandaríski, ja eða dulnefni, því að hann vildi ekki að fólk kæmist upp með að nota ekki ímyndunaraflid þegar það horfði á verk sín. Ef áhorfendur skyldu ekki nöfn myndanna gætu þeir látið hugann reika og þá yrði myndlistin ríkari þáttur í lífi þeirra. Frá 1952 hefði hann haldið ríflega 100 einkasýningar og tekið þátt í tæplega 1000 samsýningum og væri sífellt að vinna með nýrri tækni, því að hans mati þyrftu sannir listamenn stöðugt að fíkra sig inn á nýjar brautir. Þess má geta að hann heldur fyrirlestur um bandaríska myndlist frá 1905-1975 kl. 20.30 á mánudagskvöld í Menningarstofnun Bandaríkjanna.

En við Sverrir viljum vita meira um safnið og þá sérstaklega um Selmu, Körlu og Beru. „Hún spyr



■ Selma Jónsdóttir forstöðumaður Listasafns Íslands við eitt verkanna á sýningu listakvennanna.

NT-mynd Sverrir

hvort við séum ekki kraftaverkakonur, Karla,“ sagði Selma, „en hvað þú ert jákvæð, jú okkur finnst við stundum vera það, sérstaklega þegar við erum þreyttar.“ Og hún bætir því við að safnið eigi nú ekki mikla peninga og kraftaverkin séu Körlu Kristjánsdóttur deildarstjóra safnsins mikið að þakka.

„Við tókum niður sýningu fjögurra frumherja á mánudagsmorgun og byrjuðum að setja þessar sýningar upp og komum báðum sýningar skránum í prentun. Jú, það er oft annasamt hjá okkur,“ sagði Selma og brosti. „Þegar þessum sýningum er lokið verður sett upp sýning á

verkum Kjarvals í báðum sölonum. Við þekkjum ekki þessa ríkisstarfsmenn sem gera ekki neitt,“ bætir Karla við og hlær.

En bráðum flytur Listasafnið í gamla Glaumbæ sem verið er að gera upp bæta og breyta. Það verður væntanlega í ágúst á næsta ári og verður vonandi mikil lyftistöng fyrir bráðnaðsýnlega starfsemi safnsins sem hefur verið í óþarflega miklu fjársvælti síðustu ár.

■ „Temma í garðstól,“ olíumálverk eftir Louise Matthíasdóttur frá 1961.

NT-mynd Sverrir

STÚDENTALEIKHÚSIÐ
á hringferð
með rokk-söngleikinn

EKKÓ – guðirnir ungu
eftir Claes Anderson,

Þýðing: Ólafur Haukur Símonarson
tónlist: Ragnhildur Gísladóttir,
leikstjórn: Andrés Sigurvinsson.

Hvammstangi	7. sept. kl. 21
Blönduós	8. sept. kl. 21
Sauðárkrúkur	9. sept. kl. 21
Siglufjörður	10. sept. kl. 21
Ólafsfjörður	11. sept. kl. 21
Dalvík	12. sept. kl. 21
Akureyri	13. sept. kl. 21
Akureyri	14. sept. kl. 15

